



Reykjavík, 22. apríl 2022
Fundargerð 240. stjórnarfundar SHS

Tilvísun: 2201004

Föstudaginn 22. apríl var haldinn 240. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Gunnar Einarsson tilkynnti forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, og Ingveldur Lára Þórðardóttir skrifstofustjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Ingveldur L. Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

Málefni SHS

1. Úttekt HMS á SHS 2021

Farið yfir niðurstöður úttektar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á starfsemi SHS 2021 skv. 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf HMS – Úttekt á Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 2021, dags. 3. mars 2022.

Afgreiðsla: Slökkviliðsstjóra er falið að vinna fyrir stjórn áætlun um úrbætur með hliðsjón af athugasemdum HMS.

2. Framvinda brunavarnaáætlunar

Gerð grein fyrir framvindu brunavarnaáætlunar frá 2018 til 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Framsetning gagna til stjórnar, grein 5.4 í starfsreglum stjórnar

Frestað mál frá 239. stjórnarfundum. Mat lagt á framsetningu gagna til stjórnar árið 2021.

Afgreiðsla: Það er mat stjórnar SHS að framsetning slökkviliðsstjóra á gögnum og upplýsingum til stjórnar á árinu 2021 hafi verið fullnægjandi til að stjórn hafi verið gert kleift að rækja skyldur sínar gagnvart SHS.

4. Búseta í atvinnuhúsnæði

Fjallað um skýrslu SHS, HMS og ASÍ um kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Skýrsla SHS, HMS og ASÍ – Búseta í atvinnuhúsnæði, höfuðborgarsvæðið 2021-2022, ódags.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál SHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:00.

Næsti fundur er áætlaður 20. maí.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Rósa Guðbjartsdóttir

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Bréf HMS – Úttekt á Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 2021, dags. 3. mars 2022.
- Skýrsla SHS, HMS og ASÍ – Búseta í atvinnuhúsnæði, höfuðborgarsvæðið 2021-2022, ódags.